



Laust starf á Gámasvæði Ölfuss í Þorlákshöfn.

Sveitarfélagið Ölfus óskar eftir að ráða umsjónarmann gámasvæðis Ölfuss í Þorlákshöfn.

Ábyrgðar- og starfssvið:

Umsjónarmaður gámasvæðis hefur umsjón með faglegri starfsemi er fellur undir starfssvið gámasvæðis, sér um að farið sé eftir þeim reglugerðum sem gilda um meðferð og flokkun á þeim efnum sem berast. Umsjónarmaður sinnir verkstjórn með losun á gámasvæði og leiðbeinir íbúum við flokkun úrgangs og spilliefna. Hann sér um að halda svæðinu hreinu og snyrtilegu. Hann sér um skráningu á magntölum og hefur umsjón með ýmsum tölfræðilegum upplýsingum er varða starfsemi gámasvæðis. Starfið heyrir undir verkstjóra þjónustumiðstöðvar.

Um er að ræða 30 % starf en getur orðið meira í framtíðinni.

Hæfniskröfur:

- Sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði
- Stundvísi og almenn reglusemi
- Góð mannleg samskipti

Vinnutíminn er frá 15:00 til 18:00 mánudaga til fimmtudags

og 13:00 til 18:00 á föstudögum. Og annan hvern laugardag frá kl. 12:00 – 16:00

Kaup og kjör eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og FOSS.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Davíð Halldórsson, umhverfisstjóri Ölfuss

í síma 899-0011 eða david@olfus.is

Umsóknum með ferilskrá skal skila á skrifstofu sveitarfélagsins eða senda í tölvupósti á david@olfus.is. Umsóknarfrestur er til 18. maí.

Öllum umsóknum verður svarað.